

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Málfríðar Guðbjartsdóttur og Hákonar Jónssonar, nr. 55/1999.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins:

6. gr. orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal vera skipuð 3 mönnum. Formaður stjórnar skal vera forstöðumaður Spari-sjóðsins í Keflavík-Patreksfirði. Einnig skulu sitja í stjórninni sóknarpresturinn á Patreksfirði og sýslumaðurinn á Patreksfirði.

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Málfríðar Guðbjartsdóttur og Hákonar Jónssonar, staðfestast hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 13. janúar 2009.

Ríkarður Másson.

Helgi Már Ólafsson.